



Viðmiðunartilboð um sýndarnetsaðgang

Útgáfa 1.3 – 01.01.2010

Samningsaðilar:
Síminn hf. og *[fjarskiptafyrirtæki]*

Efnisyfirlit

1	Um samninginn.....	5
1.1	Samningsaðilar.....	5
1.2	Markmið.....	5
1.3	Gildistaka.....	5
1.3.1	Nýr viðsemjandi.....	5
1.3.2	Samningur milli Símans og viðsemjanda er í gildi.....	5
1.4	Breytingar á samningi.....	5
1.5	Skilgreiningar.....	5
1.6	Þjónusta sem fólgin er í samningnum.....	6
1.7	Viðbótarþjónusta.....	6
1.8	Tæknileg útfærsla.....	6
1.9	Þjónusta Símans á útbreiðslusvæðum.....	6
2	Réttindi og skyldur.....	7
2.1	Grunnkröfur sem gerðar eru til viðsemjanda.....	7
2.2	Ábyrgð á þjónustu til viðskiptavina þjónustugæði/þjónustustig.....	7
2.3	Tilkynningar vegna bilana.....	7
2.4	Misnotkun.....	8
2.5	Takmörkun umferðar.....	8
2.6	Framsal réttinda og skyldna til þriðja aðila.....	8
2.7	Breytingar á samningnum og fylgiskjölum.....	8
2.8	Þagnarskylda o.fl.....	8
3	Útbreiðslusvæði Símans - breytingar.....	8
3.1	Útbreiðslusvæði Símans.....	8
3.2	Uppbygging á farsímaneti viðsemjanda.....	8
4	Verð, greiðslur og greiðsluskilmálar.....	9
4.1	Verð og breytingar á verðskrá.....	9
4.1.1	Verðskrá.....	9
4.1.2	Gjaldmiðill.....	9
4.1.3	Verðbreytingar.....	9
4.1.4	Greiðsluábyrgð.....	9
4.2	Verðlagning til viðskiptavina.....	9
5	Uppgjör milli samningsaðila, útskrift reikninga og greiðslur.....	9
5.1	Grundvöllur uppgjörs.....	9
5.1.1	Uppgjörstímabil.....	9
5.1.2	Gjaldfærsla símtala.....	9
5.1.3	Gjaldfærsla annarrar þjónustu.....	10
5.1.4	Skráning umferðar.....	10
5.2	Útskrift reikninga og greiðslur.....	10
5.2.1	Starfsreglur fyrir útskrift reikninga vegna sýndarnetsaðgangs.....	10
5.2.2	Gjaldfrestur.....	10
6	Vanefndir – ástæður og afleiðingar.....	10
6.1	Tilkynning um vanefndir.....	10
6.2	Riftun.....	10
6.3	Skaðabætur.....	11
6.4	Dráttarvextir.....	11
6.5	Úrræði til að bæta fyrir vanefndir.....	11
6.6	Óviðráðanleg atvik og sérstakar aðstæður.....	11
6.7	Fulltrúar aðila.....	11
7	Lögsaga og lausn ágreiningsmála.....	12

8	Gildistaka, gildistími og uppsögn samnings	12
9	Viðaukar	13
	Viðauki 1. Verð fyrir sýndarnetsaðgang.....	14
	1. Virðisaukaskattur	14
	2. Verð fyrir sýndarnetsaðgang.....	14
	2.1 Aðgangsgjald	14
	2.2 Árgjöld	14
	2.2 Notkunartengd gjöld fyrir tal, SMS og gögn	14
	2.3 Önnur gjöld.....	14
	3 Símtöl á milli viðsemjanda	15
	4. Markaðsstuðningur	15
	5. Viðbótarþjónusta.....	15
	6. Annar kostnaður vegna breytinga	15
	7. Útlandasímtöl.....	15
	8. Erlent reiki	15
	9 Samhæfing upplýsingakerfa	15
	10. Gjald vegna niðurfellingar samnings	16
	Viðauki 2. Tæknileg útfærsla sýndarnetsaðgangs	17
	1. Ábyrgð aðila	17
	2. Hönnun og samsetning fjarskiptanets	18
	3. Merkjasambönd	18
	3.1 Rekstur merkjasambanda.....	18
	3.2 MTP Leiðaval (Routing).....	18
	3.3 SCCP Leiðaval (Routing)	18
	4. Sendingarleið	18
	5. Sérnota rásir og samtengipunktar	18
	5.1 Sérnotarásir	18
	5.2 Samtengipunktur (PoI).....	18
	5.3 Pöntun og uppsetning viðbótar sérnota rása (E1)	18
	6. Meðhöndlun símtala og skeyta við sýndarnetsaðgang	19
	7. GPRS reiki	19
	8. Númeraflutningur – HÍN – Tenging við Já ehf.	19
	9. Tæknilegur fyrirvari.....	19
	Viðauki 3. Þjónusta sem er í boði í GSM farsímanetum	20
	1. Flutningsgeta – aðferð/þjónusta flutningsaðila.....	20
	1.1 Tíðnibil og aðferð	20
	1.2 Símaþjónusta (Teleservices)	20
	1.3 Þjónusta flutningsaðila.....	20
	Viðauki 4. Framkvæmd samtengingar.....	20
	1. Prófunaráætlanir v. tæknilausna	20
	1.1 Áætlanir og undirbúningur samtenginga.....	20
	1.2 Almenn sjónarmið við framkvæmd prófunar.....	20
	1.3 SIM kort, farsímar og annar prófunarbúnaður	21
	1.4 Uppsetning (vél- og hugbúnaður)	21
	Viðauki 5. Áætlanir	22
	1 Almenn	22
	1.1 Áætlanir um sýndarnetsumferð.....	22
	1.2 Viðurlög og frávik frá áætlunum	22
	Viðauki 6: Verkferlar í starfsemi	23
	1.1 Tilgangur.....	23
	1.2 Tilkynningar vegna almennra málefna í starfsemi	23

1.3 Bilun í eigin fjarskiptaneti	23
Viðauki 7: Notkun SS7 – Tæknileg geta og öryggiskröfur	24
1 Kröfur varðandi tækni.....	24
2 Kröfur varðandi fagkunnáttu	24
2.1 Almenn	24
2.2 Aðgangur starfsmanna	24
3. Öryggisskilyrði	25
3.1 Raunlægt öryggi.....	25
3.2 Yfirlýsing um trúnað.....	25
3.3 Gagnaöryggi	25
3.4 Öryggi á sviði upplýsingatækni	25
Viðauki 8. Tengiliðir samningsaðila.....	26
Viðauki 9. Samhæfing upplýsingakerfa	27

Samningur um sýndarnetsaðgang

1 Um samninginn

1.1 Samningsaðilar

Síminn hf., kt. 500269 6779, Ármúla 25, Reykjavík, hér eftir nefndur Síminn og [fjarskiptafyrirtæki], kt. [xxxxxx-xxxx], [heimilisfang,], hér eftir nefndur viðsemjandi, gera með sér eftirfarandi samning um sýndarnetsaðgang (MVNO-aðgang) viðsemjanda að farsímaneti Símans.

1.2 Markmið

Markmiðið með samningnum er að gera viðsemjanda kleift að tengja sinn miðlæga búnað (sjá töflu 1 í viðauka 2) við farsímanet Símans og veita þannig viðskiptavinum sínum farsímaþjónustu, á útbreiðslusvæði Símans. Það felur þó ekki í sér neinn einkarétt viðsemjanda til slíks sýndarnetsaðgangs að farsímaneti Símans. Sýndarnetsaðgangur er ekki veittur þeim sem eiga og reka eigin dreifikerfi.

1.3 Gildistaka

1.3.1 Nýr viðsemjandi

Þegar um er að ræða viðsemjendur sem ekki eru nú þegar með samning um sýndarnetsaðgang við Símann tekur tilboðið gildi við undirskrift beggja samningsaðila undir samning þennan.

1.3.2 Samningur milli Símans og viðsemjanda er í gildi

Þegar í gildi er samningur um sýndarnetsaðgang milli Símans og viðsemjanda skal viðsemjanda veittur a.m.k. 6 mánaða uppsagnarfrestur áður en nýtt viðmiðunartilboð um sýndarnetsaðgang leysir gildandi samning af hólmi. Að þeim tíma liðnum gildir viðmiðunartilboðið sem samningur aðila, án sérstakrar undirskriftar, nema samningsaðilar semji um að samningurinn taki gildi fyrr.

1.4 Breytingar á samningi

Nýtt viðmiðunartilboð skal birt til kynningar og sent viðsemjanda og Póst- og fjarskiptastofnun að minnsta kosti þremur mánuðum fyrir gildistöku þess. Að þeim tíma liðnum tekur viðmiðunartilboðið gildi sem samningur um sýndarnetsaðgang milli Símans og viðsemjanda hans. Geti viðsemjandi Símans ekki fyllt sig við alla þætti nýs viðmiðunartilboðs tekur viðmiðunartilboðið aðeins gildi sem samningur varðandi þá þætti sem enginn ágreiningur stendur um. Getur hvor aðili um sig skotið ágreiningi um efni viðmiðunartilboðs/samnings um sýndarnetsaðgang til úrlausnar Póst- og fjarskiptastofnunar.

Síminn birtir “Viðmiðunartilboð um sýndarnetsaðgang” á vef sínum.

1.5 Skilgreiningar

Eftirfarandi skilgreiningar eru lagðar til grundvallar í samningi þessum .

- A-símnotandi: Símnotandi sem hefur frumkvæði að uppkalli.
- A-númer: Símanúmer A-símnotanda.
- B-símnotandi: Símnotandi sem hringt er til.
- B-númer: Símanúmer B-símnotanda.
- B-svar: B-svar kemur þegar B-símnotandi eða tæki tengd línu hans svara uppkalli.
- Útbreiðslusvæði Símans: Útbreiðslusvæði teljast þau svæði þar sem Síminn veitir farsímaþjónustu á hverjum tíma (sjá gr. 3.1).
- Farsímanet: GSM 900 og GSM 1800 Mhz.
- Sýndarnetsaðgangur: Síminn veitir viðsemjanda aðgang að farsíma dreifikerfi sínu, en viðsemjandi er með eigin miðlægan búnað og semur um samtengingar við önnur fjarskiptafyrirtæki.

- i) Sýndarnetsnotkun (-umferð) viðsemjanda: Umferð sem hefst eða lýkur í handtækjum með SIM-kortum viðsemjanda þegar þau eru tengd farsímanetum.
- j) Farsímaþjónusta: Tal, SMS og GPRS/EDGE gagnaflutningur á farsímaneti. Miðað er við að notkunarmunstur sé í samræmi við almenna notkun farsímaneta.
- k) Viðbótarþjónusta: Til viðbótarþjónustu telst þjónusta umfram þá sem fram kemur í lið j), t.d. ýmsar virðisaukandi þjónustur.
- l) SMS (Short Message Service): Stutt skilaboða-þjónusta.
- m) SIM-kort: (Subscriber Identity Module) SIM-kort.
- n) IMSI: IMSI (International Mobile Subscriber Identity).
- o) IMEI: IMEI (International Mobile Equipment Identity).
- p) Viðskiptavinur: Endanlegur notandi sem notar þjónustu viðsemjanda á farsímaneti Símans.
- q) Dagur: Almanaksdagur
- r) Gjaldskrá: Verð sem gilda milli Símans og viðsemjanda.
- s) Notkun (umferð): Tal, gögn og SMS
- t) MTP (Message Transfer Part) Routing – MTP leiðaval
- u) SCCP (Signalling Connection Control Part) Routing – SCCP leiðaval
- v) PLMN (Public Land Mobile Network)
- w) Fjarskiptafyrirtæki: Einstaklingur eða lögaðili sem hefur almenna heimild til fjarskiptareksturs og fjarskiptaþjónustu frá Póst- og fjarskiptastofnun og fyrirhugar að starfa sem slíkur.
- x) Fjarskiptanet: Sendikerfi og þar sem það á við skiptistöðvar, beinar og önnur úrræði sem gera mögulegt að miðla boðum eftir þræði, þráðlaust, með ljósbylgjum, rafdreifikerfi, háspennulínunum eða með öðrum rafsegulaðferðum, þ.m.t. net fyrir hljóð- og sjónvarp og kapalsjónvarp.
- y) Fjarskiptaþjónusta: Þjónusta sem að nokkru eða öllu leyti felst í því að beina merkjum um fjarskiptanet.
- z) Fjarskiptaumferð: Fjarskipti á milli fjarskiptaneta eða hluta þeirra.
- aa) Símtal: Heppnað uppkall þar sem talrás tengist í báðar áttir. Ekki verða öll heppnuð uppköll að símtali.
- bb) Uppkall: Tilraun til símtals. Heppnað uppkall leiðir til hringitóns, upptekins tóns eða svars. Uppkall er einnig talið heppnað ef ígildi upptekins tóns eða hringitóns er til staðar, t.d. talvél. Af óheppnuðu uppkalli verður ekkert símtal.
- cc) Innanettssímtal: Innankerfissímtal eru öll símtöl sem eiga upphaf og lúkningu á farsímakerfi Símans. Símtal milli Símans og viðsemjanda telst innankerfissímtal. .
- dd) Upphaf símtals: Símtal sem á sér upphaf í sýndarneti viðsemjanda (sjá h. hér að ofan) en lýkur í öðru fjarskiptaneti.
- ee) Lúkning símtals: Símtal sem á upphaf í öðru fjarskiptaneti en farsímaneti Símans en er lokið í sýndarneti viðsemjanda. Símtal sem er lokið í sýndarneti viðsemjanda er gjaldfært samkvæmt gjaldskrá viðsemjanda fyrir lúkningu hverju sinni.

1.6 Þjónusta sem fólgin er í samningnum

Samningurinn felur í sér að viðsemjandi fær sýndarnetsaðgang að farsímaneti Símans. Í því felst að Síminn mun annast tengingu símtala, gagnasendinga (GPRS) og SMS þjónustu (sjá nánar viðauka 3) til viðskiptavina viðsemjanda á útbreiðslusvæðum Símans (sjá nánar kafla 3). Þjónustan sem fólgin er í samningnum nær einungis til viðskiptavina viðsemjanda en ekki þriðja aðila, þar með talið dóttur og hlutdeildarfélag viðsemjanda. Miðað er við að samningsaðilar hafi gert með sér samtengingarsamning og gilda ákvæði hans um einstök atriði, sem ekki eru sérstaklega tilgreind í þessum samningi.

1.7 Viðbótarþjónusta

Viðsemjandi getur óskað eftir aðgangi að viðbótarþjónustu. Samið skal um það með sérstöku samkomulagi á milli samningsaðila.

1.8 Tæknileg útfærsla

Tæknileg útfærsla er nánar skilgreind í viðauka 2.

1.9 Þjónusta Símans á útbreiðslusvæðum

Síminn gerir sömu kröfur um rekstraröryggi gagnvart viðsemjanda og gilda almennt í farsímaneti Símans.

2 Réttindi og skyldur

2.1 Grunnkröfur sem gerðar eru til viðsemjanda

Viðsemjandi skal uppfylla eftirfarandi skilyrði til þess að öðlast rétt á sýndarnetsaðgangi samkvæmt samningi þessum:

- Þjónusta á útbreiðslusvæðum samkvæmt samningnum takmarkast við SIM-kort með IMSI númeraröðum sem viðsemjanda hefur verið úthlutað hjá Póst- og fjarskiptastofnun og fela í sér íslenska land- og netkóða eins og skilgreint er í ETSI stöðlum, að því gefnu að sömu IMSI númerum sé ekki veittur aðgangur að öðrum farsímakerfum sem rekin eru á Íslandi. Þetta kemur þó ekki í veg fyrir að viðsemjandi geti gert samninga um sýndarnetsaðgang við önnur farsímafyrirtæki.
- Viðsemjandi skal hafa almenna heimild til reksturs fjarskiptaneta og fjarskiptaþjónustu, sbr. III. kafla fjarskiptalaga nr. 81/2003, með síðari breytingum, skal hafa fengið úthlutað númerum í samræmi við IV. kafla laganna og fullnægja öðrum lagaskilyrðum um fjarskiptastarfsemi hverju sinni.
- Viðsemjandi skal veita þjónustu sem veldur ekki óeðlilegu álagi á farsíma- eða öðrum fjarskiptakerfum og samræmist réttmætum og eðlilegum viðskiptaháttum.
- Viðsemjandi er óheimilt að endurselja eða leigja frá sér rekstrarþætti eða tengingu sem tengist starfsemi fjarskiptanetanna, hver sem hún kynni að vera, samkvæmt ákvæðum þessa samnings, til þriðja aðila, án skriflegs samþykkis Símans.
- Notkun viðsemjanda skal vera í samræmi við viðkomandi tæknilýsingar ETSI og skjöl GSM Association Permanent Reference.
- Samningsaðilar ber skylda til að uppfylla öryggiskröfur varðandi SS7. Samningsaðilar eru skuldbundnir til að misnota ekki á nokkurn hátt upplýsingar úr SS7 merkjakerfinu. Sjá nánar í viðauka 7.
- Merki, viðskiptaheiti og vörumerki Símans eru eign Símans og viðsemjanda er ekki heimilt að gera tilkall til neins konar réttindi að því er slíkt varðar eða nein önnur hugverkaréttindi úr hendi Símans. Viðsemjandi má ekki nota slík merki án þess að hafa aflað fyrirfram samþykkis Símans. Samt sem áður er það sameiginlegur skilningur að GSM-tæknilýsingarnar gera ráð fyrir því að nafn fjarskiptanets sem heimsótt er megi birtast á skjá farsíma og að slíkt fyrirkomulag fari eftir því um hvaða farsímastöð sé að ræða.
- Báðir aðilar skulu ganga úr skugga um að lögboðnum fyrir mælum um persónuvernd sé fylgt í tengslum við notkun fjarskiptanetanna.

2.2 Ábyrgð á þjónustu til viðskiptavina þjónustugæði / þjónustustig

- Hvor aðili ber ábyrgð á þjónustu gagnvart eigin viðskiptavinum, þar með talið símsvörum, bilanapjónusta og reikningagerð.
- Hvor aðili innheimtir notkunargjöld hjá eigin viðskiptavinum.
- Hvor aðili ber ábyrgð á því að viðhalda umsömdum þjónustugæðum og þjónustustigi.
- Ekkert í samningi þessum má túlka eða skilja svo að einhvers konar samningssamband geti komist á eða að um slíkt sé að ræða milli Símans og viðskiptavina viðsemjanda.
- Viðsemjandi skal halda Símanum skaðlausum af öllum kröfum viðskiptavina viðsemjanda, sem tengjast kunna notkun á sýndarnetsaðgangi að farsímaneti Símans.
- Að því er varðar tengingu notendabúnaðar við notkun útstöðva sem kann að hafa áhrif á eðlilega starfsemi fjarskiptanetanna þá verður viðskiptavinum viðsemjanda gert að sæta takmörkunum sem samsvara þeim sem gilda um aðra notendur farsímaneta Símans.
- Verklagsreglur þær sem Síminn fer eftir í tengslum við skuldbindingar gagnvart lögreglu varðandi lögmæt inngríp og upplýsingar um notkun kunna að eiga við um notkun (umferð) til eða frá viðskiptavinum viðsemjanda. Samningsaðilar bera kostnað vegna eigin viðskiptavina.
-) Gera þarf þjónustusamning um nánari útfærslu þjónustuveitingu / SLA“

2.3 Tilkynningar vegna bilana

Samningsaðilar tilkynni um bilanir í eigin búnaði. Samningsaðilar skulu ekki vísa til bilana í kerfi gagnaðila sem ástæðu fyrir rofi eða truflunum í eigin neti.

2.4 Misnotkun

Samningsaðilar skulu gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir misnotkun í fjarskiptanetum. Ef notkun á fjarskiptanetum Símans er ekki í samræmi við ákvæði og tilgang samningsins er Símanum heimilt að beita vanefndarúrræðum skv. ákvæðum 6. kafla samningsins.

2.5 Takmörkun umferðar

Samningsaðilum er heimilt að takmarka umferð fyrirvaralaust og án þess að tilkynna gagnaðila um það ef slíkt reynist nauðsynlegt vegna öryggis fjarskipta eða rekstraröryggis nets samningsaðila. Komi til slíkrar takmörkunar á umferð, skal tilkynna gagnaðila um ástæður þess strax og hægt er. Tryggja skal jafnræði viðskiptavina aðila við beitingu slíkra úrræða.

2.6 Framsal réttinda og skyldna til þriðja aðila

Réttindi og skyldur samkvæmt samningi þessum verða ekki framseld eða fengin öðrum í hendur án skriflegs samþykkis Símans.

2.7 Breytingar á samningnum og fylgiskjölum

Samningsaðilum er heimilt að krefjast endurskoðunar á samningnum ef forsendur hafa breyst verulega svo sem vegna stjórnvaldsákvæðana eða breytinga á lögum.

2.8 Þagnarskylda o.fl.

Samningsaðilar skuldbinda sig til að ljóstra ekki upp um verð eða aðra skilmála samnings þessa, að öðru leyti en því sem skylt er lögum samkvæmt og í samræmi við ákvarðanir stjórnvalda. Samningsaðilar skuldbinda sig jafnframt til að ljóstra ekki upp trúnaðarupplýsingum sem þeir hafa móttengið frá gagnaðila, þ.m.t. upplýsingum um stjórnunarlegar, fjárhagslegar eða tæknilegar aðstæður gagnaðila, aðrar aðstæður varðandi rekstur, viðskipti eða atriði sem ætla má að teljist trúnaðarupplýsingar, sem halda ber leyndum.

Upplýsingar, sem eru eða ætla má að verði á allra vitorði eða öllum aðgengilegar, teljast ekki trúnaðarupplýsingar, nema slíkt stafi af broti á þessu ákvæði.

Upplýsingar skal aðeins nota í þeim tilgangi sem þær voru fengnar og að því marki sem nauðsynlegt er við framkvæmd samningsins.

Þagnarskyldan kemur ekki í veg fyrir að samningsaðilar veiti ákærvaldi, Póst- og fjarskiptastofnun eða öðrum yfirlögðum upplýsingar ef slíkt er skylt lögum samkvæmt.

Þagnarskylda skal gilda í fimm ár eftir að gildistíma samningsins lýkur.

3 Útbreiðslusvæði Símans - breytingar

3.1 Útbreiðslusvæði Símans

Útbreiðslusvæði farsímanets Símans tekur til allra GSM farsímastöðva sem Síminn er með á hverjum tíma og falla þær undir samning þennan. Um nánari skilgreiningu á útbreiðslusvæði Símans, eins og það er á hverjum tíma, er vísað á heimasíðu Símans, www.siminn.is.

3.2 Uppbygging á farsímaneti viðsemjanda

Nú ákveður viðsemjandi að fara í uppbyggingu á eigin farsímaneti og hefur fengið úthlutað tíðniheimild, skal hann þá tilkynna Símanum um þá ráðstöfun með að lágmarki 6 mánaða fyrirvara áður en áætlað er að taka eigin farsímanet á grundvelli tíðnileyfis í notkun. Innan þess tíma getur viðsemjandi kannað grundvöll reikisamnings að farsímaneti Símans.

Samningur þessi fellur úr gildi við undirskrift nýs samnings aðila um aðgang að farsímaneti Símans eða að 6 mánuðum liðnum frá tilkynningu viðsemjanda.

4 Verð, greiðslur og greiðsluskilmálar

4.1 Verð og breytingar á verðskrá

4.1.1 Verðskrá

Verð fyrir sýndarnetsaðgang eru tilgreind í viðauka 1.

4.1.2 Gjaldmiðill

Verð eru tilgreind í íslenskum krónum án virðisaukaskatts. Virðisaukaskattur skal lagður á reikningsfjárhæðina samkvæmt þeim reglum sem gilda á hverjum tíma um virðisaukaskatt.

4.1.3 Verðbreytingar

Samkvæmt ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar um útnefningu fyrirtækis með umtalsverðan markaðsstyrk og álagningu kvaða á markaði fyrir aðgang og upphaf símtala í almennum farsímanetum (markaður 15), frá 5. febrúar 2007, er Símanum óheimilt að gera verðbreytingar á heildsölugjaldskrá nema að fengnu fyrirfram samþykki stofnunarinnar.

Síminn skal tilkynna PFS og viðsemjanda um allar verðbreytingar á sýndarnetsaðgangi og annarri þjónustu skv. samningnum til hækkunar eða lækkunar með a.m.k. 40 daga skriflegum fyrirvara. Er Símanum þó heimilt að tilkynna um verðbreytingar á reikiverðum með styttri fyrirvara og skal Síminn þá á sannanlegan hátt sýna fram á nauðsyn þess. Verðbreytingar samkvæmt framangreindu taka ekki gildi fyrir en að fengnu samþykki Póst- og fjarskiptastofnunar á meðan framangreind kvöð gildir gangvart Símanum.

4.1.4 Greiðsluábyrgð

Síminn áskilur sér rétt til að krefjast þess að viðsemjandi láti í té greiðsluábyrgð fyrir sýndarnetsaðgang sem samræmist fjárhæð sem nemur áætlaðri notkun þrjá mánuði fram í tímann. Ef ljóst er að raunnotkun verði meiri en áætluð notkun getur Síminn óskað eftir hækkun á greiðsluábyrgð til samræmis við þá notkun.

4.2 Verðlagning til viðskiptavina

Hvor aðili um sig sér um og ber ábyrgð á verðlagningu til eigin viðskiptavina.

5 Uppgjör milli samningsaðila, útskrift reikninga og greiðslur

5.1 Grundvöllur uppgjörs

5.1.1 Uppgjörstímabil

Uppgjörstímabil fyrir sýndarnetsþjónustu milli viðsemjanda og Símans, miðast við almanaksmánuð.

5.1.2 Gjaldfærsla símtala

Síminn innheimtir fyrir öll innannetssímtöl viðsemjanda, auk þess sem gjaldfært er fyrir upphaf og lúkningu símtala í sýndarneti viðsemjanda. Sjá nánar töflu 2 í viðauka 1.

Gjaldtakan fyrir lúkningu í önnur fjarskiptanet er í samræmi við heildsöluverðskrá hlutaðeigandi fjarskiptafyrirtækja. Tími, sem gjaldfært er fyrir, vegna hvers símtals, er taltími (conversation time) skv.

tilmælum ITU-T D.150 (06/99) frá 1999, töluliður 1.5.1. Heildartími á hverju uppgjörstímabili reiknast sem summan af skráðum umferðarsekúndum allra símtala sem innheimt er fyrir, umreiknuðum í mínútur.

Sú umferð sem innheimt er fyrir, skal eingöngu send um þær sérnota rásir sem lýst er í samningi þessum, sbr. gr. 5.1 í viðauka 2.

5.1.3 Gjaldfærsla annarrar þjónustu

Gjaldfærsla fyrir aðra þjónustu en símtöl er samkvæmt viðauka 1.

5.1.4 Skráning umferðar

Umferð viðskiptavina viðsemjanda með sýndarnetsaðgang, skal mæld og skráð frá því að hún byrjar og er mælingin nauðsynlegur grundvöllur reikningafærslu.

Síminn mun senda skýrslur um forsendur reikningafærslunnar (á rafrænu formi samkvæmt nánara samkomulagi) strax að loknu uppgjörstímabili, þó eigi síðar en tíunda dag næsta mánaðar eftir að viðkomandi uppgjörstímabili er lokið.

5.2 Útskrift reikninga og greiðslur

5.2.1 Starfsreglur fyrir útskrift reikninga vegna sýndarnetsaðgangs

Reikningaútskrift fyrir sýndarnetsaðgang skal byggð á skýrslum og mælingum á umferð frá viðkomandi viðsemjanda. Með sendum reikningum skulu fylgja skýrslur um forsendur reikningafærslunnar.

Ef viðsemjandi kys að mæla og skrá einnig viðkomandi umferð er honum heimilt að bera saman grundvöll móttekins reiknings við þá mælingu. Ef samanburðurinn leiðir í ljós 2% eða meiri mun á reikningafærslum, er honum heimilt að gera athugasemd við grundvöll reikningafærslunnar. Ef athugasemd er þá gerð, er báðum samningsaðilum skylt að vinna sem fyrst að lausn málsins eftir bestu getu.

Ef samanburður leiðir í ljós of lágan reikning og aðili bregst ekki við athugasemd með því að senda leiðréttan reikning innan 3ja mánaða fellur niður réttur til leiðréttingar. Þó fellur rétturinn ekki niður ef ætla má að aðgerðir gagnaðila hafi leitt til lægri reiknings samningsaðila.

Ef ekki tekst að finna lausn innan 2ja mánaða og samanburður leiðir í ljós of háan reikning, eru samningsaðilar skyldaðir til að fara út í formlegar gjaldfærsluprófanir.

Ef samanburður leiðir ítrekað í ljós að mælingar annars aðilans séu rangar er hinum aðilanum heimilt að senda reikning fyrir leiðréttingarvinnunni.

5.2.2 Gjaldfrestur

Reikningstímabil miðast við almanaksmánuð og er útgáfudagur reikninga í lok þess mánaðar.

Gjalddagi reikninga er 20 dögum eftir lok reikningstímabils og eindagi að jafnaði 12 dögum síðar. Sé reikningur ekki greiddur á eindaga skal greiða dráttarvexti, eins og þeir eru ákveðnir samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, frá og með gjalddaga til greiðsludags.

6 Vanefndir – ástæður og afleiðingar

6.1 Tilkynning um vanefndir

Telji samningsaðili að gagnaðili hafi vanefnt samninginn ber honum að tilkynna það skriflega strax eftir að honum varð eða mátti verða kunnugt um vanefndirnar.

6.2 Riftun

Hvorum aðila um sig er heimilt að rifta samningnum þegar í stað ef eitt eða fleiri af eftirfarandi á við:

- a) ef verulega skortir á að gagnaðili standi við skuldbindingar sínar samkvæmt samningnum;
- b) ef gagnaðili fær heimild til greiðslustöðvunar, farið er fram á gjaldþrotaskipti á búi hans; eða
- c) ef gagnaðili hefur ekki getað staðið við skuldbindingar sínar í 2 mánuði, þó slíkt megi rekja til óviðráðanlegra atvika.
- d) ef gagnaðili hefur ekki bætt úr vanefnd innan 14 daga frests sem honum hefur verið veittur í því skyni.
- e) ef notkun á fjarskiptanetum Símans er ekki í samræmi við ákvæði og tilgang samningsins.

Nú verður breyting á lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum eða stjórnvald tekur ákvörðun sem hefur í för með sér að forsendur í samningi þessum verða verulega breyttar og hafa þá samningsaðilar heimild til að rifta samningi þessum með 30 daga fyrirvara frá því að riftunaryfirlýsing er send. Sá sem hyggst beita riftun vegna breyttra forsendna skal gera það innan 30 daga frá því honum verður kunnugt um hinar breyttu forsendur. Sá sem beitir riftunarheimild skal leita allra leiða til að finna sanngjarna lausn áður en riftunarheimild er beitt með sannanlegum hætti.

Þeim sem riftunarheimild beitir er heimilt að takmarka riftunina við hluta af samningnum.

Vanskil teljast alltaf veruleg ef þau hafa staðið í meira en 3 mánuði.

6.3 Skaðabætur

Bótaskylda aðila takmarkast við beint tjón sem gagnaðili hefur orðið fyrir og sem gera má ráð fyrir að sé bein afleiðing af samningsrofi, enda megi rekja samningsrof til ásetnings eða stórkostlegrar vanrækslu.

Bótaábyrgð nær ekki til óbeins tjóns gagnaðila, þ.m.t. rekstrartaps, eða tjóns sökum þess að ekki hefur tekist að uppfylla samninga við þriðja aðila að hluta til eða að öllu leyti.

6.4 Dráttarvextir

Ef dráttur verður á greiðslu aðila samkvæmt samningnum skulu reiknast hæstu leyfilegir dráttarvextir, lögum samkvæmt, frá gjalddaga til greiðsludags.

6.5 Úrræði til að bæta fyrir vanefndir

Samningsaðili, sem hefur ekki staðið við skuldbindingar sínar samkvæmt samningi þessum, hefur rétt til að bæta þar úr innan frests sem honum er settur í því skyni að viðlagðri riftun. Honum ber þá að grípa til slíkra úrræða strax og honum hefur borist tilkynning um vanefndirnar eða honum má vera það ljóst með öðrum hætti. Bæti samningsaðili ekki úr tilgreindum vanefndum er gagnaðila heimilt að rifta samningnum í heild eða að hluta.

Ákvæði þetta gildir þó ekki ef slíkum úrræðum verður ekki við komið af óviðráðanlegum ástæðum eða ef nauðsynleg úrræði hafa í för með sér veruleg óþægindi eða umtalsverðan aukakostnað fyrir þann sem ábyrgð ber á vanefndunum.

6.6 Óviðráðanleg atvik og sérstakar aðstæður.

Ef aðili getur ekki uppfyllt skyldur sínar samkvæmt samningnum vegna óviðráðanlegra ytri atvika ("force majeure") eða sérstakra aðstæðna falla skuldbindingar hans niður á meðan slíkt ástand varir.

Aðila, sem hyggst nýta sér þetta ákvæði, ber tafarlaust að tilkynna gagnaðilanum um orsök slíkra vandkvæða, svo og hvaða áhrif slík vandkvæði kunna að hafa og hve lengi má búast við að þau vari.

6.7 Fulltrúar aðila

Hvor aðili skal tilkynna skriflega hver sé fulltrúi hans vegna samnings þessa. Ef aðili óskar eftir að tilnefna nýjan fulltrúa skal hann tilkynna gagnaðila það skriflega. Allar orðsendingar viðvíkjandi framkvæmd samningsins skulu sendar tilgreindum fulltrúa gagnaðila, nema annað segi í samningnum eða fylgiskjölum.

Fulltrúar aðila skulu fylgjast með framkvæmd samnings þessa og skulu þeir veita hvor öðrum allar upplýsingar um tæknilega örðugleika og önnur vandamál jafnskjótt og þau koma upp og skulu þeir leitast við að leysa þau sameiginlega eins fljótt og unnt er. Þeir skulu halda fundargerðir um samskipti sín

Aðilar tilgreina tengiliði sína í viðauka 8.

7 Lögsaga og lausn ágreiningsmála

Samningurinn skal lúta íslenskum lögum.

Ef ágreiningur verður milli aðila um gildi, túlkun eða framkvæmd samningsins skulu þeir semja um lausn hans sín í milli, en ella fer um lausn ágreiningsefna skv. fjarskiptalögum og lögum um Póst- og fjarskiptastofnun á hverjum tíma.

Mál út af samningi þessum skal reka fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki.

8 Gildistaka, gildistími og uppsögn samnings

Samningurinn er tímabundinn og gildir í a.m.k. 3 ár frá xxxxxx til xxxxxx. Nú vill viðsejandi binda endi á samningssamband aðila að þeim tíma liðnum og skal hann þá tilkynna það með 6 mánaða fyrirvara, eigi síðar en xxxx. Að öðrum kosti framlengist samningurinn sjálfkrafa um 1 ár í senn með 6 mánaða gagnkvæmum uppsagnarfresti..

9 Viðaukar

Eftirtaldir viðaukar teljast hluti af þessum samningi.

- Viðauki 1 Verð fyrir sýndarnetsaðgang
- Viðauki 2 Tæknileg útfærsla sýndarnetsaðgangs
- Viðauki 3 Þjónusta sem er í boði í GSM farsímanetum
- Viðauki 4 Framkvæmd samtengingar
- Viðauki 5 Áætlanir
- Viðauki 6: Verkferlar í starfseminni
- Viðauki 7: Notkun SS7 – tæknileg geta og öryggiskröfur
- Viðauki 8: Tengiliðir samningsaðila
- Viðauki 9: Samhæfing upplýsingakerfa

Viðaukar eru uppfærðir eins og texti samningsins segir til um.
Ef misræmi er á milli þessa samnings og viðauka, gilda ákvæði þessa samnings.

Reykjavík, . *[dags. samnings]*.

F.h. Símans hf.

F.h. *[fjarskiptafyrirtækis]*

[nafn fulltrúa Símans]

[nafn fulltrúa fjarskiptafyrirtækis]

Viðauki 1. Verð fyrir sýndarnetsaðgang

1. Virðisaukaskattur

Öll verð í samningi þessum eru birt án virðisaukaskatts.

2. Verð fyrir sýndarnetsaðgang

Verð gilda fyrir GSM 900, GSM 1800.

2.1 Aðgangsgjald

Viðsemjandi skal greiða eftir á [REDACTED] kr., sem árlegt aðgangsgjald fyrir aðgang að farsímaneti Símans.

2.2 Árgjöld

Tilkynningar um staðsetningu SIM korts	[REDACTED]
Virðisaukandi þjónusta pr. SIM kort	[REDACTED]
Árgjald pr. SIM kort	[REDACTED]

Tafla 1

2.2 Notkunartengd gjöld fyrir tal, SMS og gögn

Verð	
Upphafsgjald pr. mínútu (origination)	[REDACTED]
Innankertifsgjald pr. Mínútu	[REDACTED]
SMS pr. skeyti (origination)	[REDACTED]
MMS pr. Skeyti	[REDACTED]
GPRS pr. Mbyte	[REDACTED]

Tafla 2

*Mínútuverð fyrir símtal sem á upphaf hjá viðskiptavini viðsemjanda og lýkur hjá öðru fjarskiptaneti en farsímaneti Símans.

** Ekki er gjaldfært fyrir lúkningu símtala milli viðskiptavina annars vegar viðsemjanda og hins vegar Símans, þar sem símtal á bæði upphaf (origination) og lúkningu (termination) á farsímakerfi Símans. Slík símtöl eru talin innankertifssímtöl. Skilgreining á innankertifssímtali eru öll símtöl sem eiga upphaf og lúkningu á farsímakerfi Símans.

*** Að auki er greitt fyrir stærð MMS skeytis í KB.

Fyrir símtöl sem fara um skiptistöðvar Símans, er auk ofangreindra gjalda innheimt umflutningsgjald (transit-gjald) í samræmi við gildandi samtengisamning.

Verð fyrir lúkningu í önnur fjarskiptanet, fer eftir verðskrá viðkomandi fjarskiptafyrirtækis um lúkningu á hverjum tíma.

2.3 Önnur gjöld

Athugun á inneign á Frelsi pr. mín eða SMS	[REDACTED]
Verð pr. SIM kort	[REDACTED]

3 Símtöl á milli viðsemjanda

Fyrir símtöl sem hringd eru til viðskiptavina viðsemjanda og er lokið í farsímakerfi Símans, greiðir viðsemjandi 4,55 kr. pr. mínútu. Ef Póst- og fjarskiptastofnun lækkar lúkningarverð Símans undir 4,55 kr. pr. mínútu mun viðsemjandi njóta þess.

Símtöl frá viðskiptavinum Símans til viðskiptavina viðsemjanda í farsímakerfi Símans eru innankerfissímtöl og því er ekki greidd lúkning til viðsemjanda vegna þeirra, heldur greitt skv. verðskrá Símans fyrir innankerfissímtöl, sbr. gr. 2.3.

Símtöl frá viðskiptavinum viðsemjanda sem eru á farsímaneti Símans til farsíma viðskiptavina Símans eru innankerfissímtöl og því er ekki greidd lúkning til Símans vegna þeirra, heldur greitt skv. verðskrá Símans fyrir innankerfissímtöl, sbr. gr. 2.3.

4. Markaðsstuðningur

Síminn býður viðsemjanda að taka þátt í markaðskostnaði við að selja farsímaþjónustu á farsímaneti Símans gegn því að viðsemjandi leggi fram jafn háa upphæð á móti, allt að [REDACTED] kr. árlega.

Frekari útfærsla á þátttöku í markaðsstyrk er tilgreind í viðauka 10.

Originated mínútur á ári	Markaðsstuðningur kr.
>10 milljónir	[REDACTED]
>20 milljónir	[REDACTED]
>30 milljónir	[REDACTED]

Til markaðsstuðnings telst allur kostnaður vegna hugmyndavinnu, framleiðslu og birtinga auglýsinga. Einnig telst innkaup á Sim kortum á innleiðingartímabili undir markaðsstuðning

5. Viðbótarþjónusta

Viðsemjanda er heimilt að óska eftir viðbótar afurðum/þjónustu frá Símanum. Í slíkum tilvikum þarf að semja sérstaklega um greiðslu kostnaðar.

6. Annar kostnaður vegna breytinga

Breytingar á miðlægu farsímakerfi og/eða dreifikerfi sem áhrif hafa á þjónustu gagnaðila þarf að tilkynna með góðum fyrirvara og að lágmarki með 5 virkum dögum. Ef breytingar eru nauðsynlegar vegna framþróunar búnaðar eða staðla ber hvor aðili sinn kostnað. Ef breytingar eiga rót að rekja til annarra atriða ber sá aðili sem fer fram á breytinguna allan kostnað sem af breytingunni hlýst þ.m.t. kostnað hins samningsaðilans. Sá kostnaður sem vísað er til í ákvæði þessu skal vera eðlilegur, sannanlegur og í samræmi við viðkomandi breytingar.

7. Útlandasímtöl

Ef viðsemjandi óskar eftir aðgangi að útlandasímtölum taka verð mið af heildsöluverðskrá Símans á hverjum tíma. Skulu allar verðbreytingar á henni vera tilkynntar viðsemjanda með a.m.k. 40 daga fyrirvara, nema óhjákvæmilegt sé að tilkynna um verðbreytingarnar með styttri fyrirvara. Skal Síminn þá sýna fram á nauðsyn þess á sannanlegan hátt, sbr. skilmála 4.1.3 í viðmiðunartilboði þessu.

8. Erlent reiki

Viðsemjandi getur fengið aðgang að erlendum reikisamningum Símans fyrir tal, SMS og GPRS.

9 Samhæfing upplýsingakerfa

Miðað er við að uppsetning á samtengingu upplýsingakerfa verði eins og lýst er í viðauka 9. Viðsemjandi greiðir þann kostnað sem Síminn verður fyrir við samhæfingu upplýsingakerfa.

10. Gjald vegna niðurfellingar samnings

Ef viðsemjandinn ákveður áður en 3 ára samningstíma lýkur að flytja áskrifendur sína yfir í þá tegund farsímafjarskipta þar sem notað er fjarskiptanet sem ekki er í eigu Símans, eða hætta fjarskiptastarfsemi sinni, og skapa þannig enga notkun (umferð) á fjarskiptaneti Símans, skal viðsemjandi greiða Símanum skjalfest útgjöld á afskrifuðu verði, vegna fjárfestingar í flutningsgetu fjarskiptanets sem byggð var á væntanlegri notkun viðskiptavina viðsemjanda og ekki verður nýtt fyrir Símann séu greidd af viðsemjanda.

Viðauki 2. Tæknileg útfærsla sýndarnetsaðgangs

1. Ábyrgð aðila

Þjónusta viðsemjanda á sýndar farsímaneti eins og henni er lýst í Viðauka 3 verður aðallega auðvelduð á grundvelli neðangreindra nethluta og þjónustu í farsímaneti Símans. Í töflu 1 er skrá yfir sérgreinda ábyrgðarþætti Símans og viðsemjanda í því skyni að útvega viðskiptavinum viðsemjanda farsímaþjónustu.

Þættir sem Síminn ber ábyrgð á	Þættir sem viðsemjandi ber ábyrgð á
BTS (Base Transceiver Station)	Reikningsgerð og innheimta gagnvart endanlegum notanda
BSC (Base Station Controller)	Þjónustuver (þjónusta við viðskiptavinum)
STP (Signalling Transfer Point)	Aðfangaöflun, m.a. eigin GSM-númeraseríu og IMSI númer
Quality of Service	Kvartanir og meðferð svikamála
VLR- Skrá yfir gesti á fjarskiptaneti	HLR (Home Location Register) Skrá yfir skráða notendur
MSC (Mobile Switching Centre)	Gateway MSC (Mobile Switching Centre) Authentication
SGSN (Serving GPRS Support Node)	GGSN (Gateway GPRS Support Node) Authentication
Customer Service: second level escalation point - 2. stigs þjónustuver	Fyrirfram greiðslukerfi
Lögmætt inngríp (sbr. gr. 2.2. g-lið)	SIM (Customer Identity Module) SIM-kort
Alþjóðlegir reikisamningar	Mobile Network Code (MNC)
Connection between the Parties	SS7 (Signalling System 7) point code
	WAP Gateway- WAP gátt
	Global Title-
	IMSI (International Mobile Customer Identity)
	MSISDN (Mobile Station ISDN)
	Interconnection
	Connection between the Parties
	SMS-C (Short Message Service Centre)
	InterMobile
	Transit Switch
	Tilkynningar
	Voice mail system- Talhólf
	HÍN – samningar um skráningu númeraflutnings
	Samningar við upplýsingaveitur (eins og Já ehf.)

Tafla 1

2. Hönnun og samsetning fjarskiptanets

Verður nánar útfært með samkomulagi aðila

3. Merkjasambönd

3.1 Rekstur merkjasambanda

Merkjasambönd á að nota reglulega undir 0,2 Erlang í hvora átt. Raunverulegur fjöldi tenginga veltur á magni merkjasendinga gegnum SS7 merkjasendingakerfið og skal reiknast á grundvelli forspár sem viðsemjandi hefur útbúið. Ef álag á tengingunum fer reglulega yfir þetta gildi þarf að bæta við viðbótar SS7 tengingum.

3.2 MTP Leiðaval (Routing)

Framkvæma þarf dreifingu álagsins milli samtenginga..

Um samtengingar milli STP Símans og viðsemjanda skal einungis senda þannig skilaboð þar sem DPC (Destination Point Code) eða OPC (Originating Point Code) tilheyrir fjarskiptaneti Símans eða viðsemjanda.

3.3 SCCP Leiðaval (Routing)

Viðsemjandi á að útvega að minnsta kosti eina gátt með SCCP (Signaling Connection Control Part) relay note functionality; SCCP skilaboð fyrir innlenda sýndarnetsþjónustu á að senda í DPC í SCCP. Frum- og vara DPC sem eiga að fara í SCCP leiðaval þurfa aðilar að koma sér saman um.

4. Sendingarleið

Stærðarmæling á ætlaðri þörf fyrir flutningsgetu milli hinna tveggja fjarskiptaneta er á ábyrgð viðsemjanda og þurfa báðir aðilar að gera samkomulag um það.

Tengdar rásir (Circuit Switched (CS))

Efnisleg tengi (physical Interface) milli tengdra rásaeiningar beggja fjarskiptaneta eru: Mótuð E1 (2 Mb/s) samkvæmt ITU-T G.703/704 við 120 Ohm samhverf, eða 75 Ohm ósamhverf, STM-1 (155 Mb/s) í samræmi við G.703/G704 ljósleiðara-áprentaðar rásir (optical FC-PC)

5. Sérnota rásir og samtengipunktar

5.1 Sérnotarásir

Aðilar þurfa að koma sér saman um staðsetningu hinna upphaflegu sérnota rása milli samtengipunkta fjarskiptaneta aðila.

Allri sýndarnetsnotkun viðsemjanda er beint eftir sérnota rásum milli samtengipunkta í fjarskiptanetum aðila, sem aðilar hafa komist að samkomulagi um, aðgreint frá rásum sem notaðar eru vegna umferðar innan fjarskiptanets. Uppsetning og kostnaður slíkra rása er á ábyrgð viðsemjanda.

Öll önnur notkun til/frá netkerfinu á að vera beint eftir stöðluðum samtengingar reglum.

Sýndarnetsumferð viðsemjanda verður beint til viðsemjanda á grundvelli IMSI númeraraða sem viðsemjandi hefur fengið úthlutað.

5.2 Samtengipunktur (PoI)

Samtengipunktur (PoI) er skiptistöð (STP) skv. nánari staðsetningu, sem Síminn hefur tilgreint í samtengingarsamningi við viðsemjanda. Með hliðsjón af E1-tengingum þarf samtengipunktur að vera stærðarmiðaður í samræmi við forspá um notkun við 0,1% tenginga-hindranir.

Ef þörf krefur munu aðilar bjóða fram aukinn fjölda samtengipunkta (PoI) og upplýsa hvor annan um hvar þeir eru staðsettir.

5.3 Pöntun og uppsetning viðbótar sérnota rása (E1)

Séu nauðsynleg aðföng fyrir hendi á að ganga frá tengingu viðbótar sérnota rása eins fljótt og mögulegt er., eða hefja strax nauðsynlegan undirbúning að öðrum kosti.

6. Meðhöndlun símtala og skeyta við sýndarnetsaðgang

Sýndarnetsaðgangur felur í sér:

- að beina símtölum viðskiptavina viðsemjanda með sýndarnetsaðgang til kerfis viðsemjanda
- að ljúka símtölum til viðskiptavina viðsemjanda
- að beina SMS skeytum viðskiptavina viðsemjanda til viðsemjanda SMSC
- að beina SMS skeytum til viðskiptavina viðsemjanda Símans til viðsemjanda
- að beina GPRS umferð frá viðsemjanda til viðskiptavina viðsemjanda

7. GPRS reiki

Viðskiptavinum viðsemjanda í GPRS reiki hjá Símanum verður vísað um SGSN beini Símans yfir í GPRS kerfi viðsemjanda. Viðskiptavinir viðsemjanda skulu ekki geta notað GGSN beini Símans, viðsemjandi ábyrgist og skilgreini sína notendur svo þetta skilyrði sé uppfyllt.

8. Númeraflutningur – HÍN – Tenging við Já ehf.

Það er alfarið á ábyrgð viðsemjanda að setja fram óskir og semja um númeraflutning, tengingu t.d. við HÍN og Já ehf. upplýsingaveitur kjósi hann svo.

9. Tæknilegur fyrirvari

Gerður er almennur tæknilegur fyrirvari um framkvæmd samningsins. Skýrist það m.a. af þeim takmörkuðu tæknilegu möguleikum sem eru til staðar í kerfunum.

Síminn mun veita ítarlegar og sannanlegar skýringar fyrir synjun á framkvæmd samkvæmt þessu ákvæði.

Viðauki 3. Þjónusta sem er í boði í GSM farsímanetum

1. Flutningsgeta – aðferð/þjónusta flutningsaðila

Eftirfarandi flutningsgeta/þjónusta, sem telst nauðsynleg til flutnings á sýndarnets notkun viðsemjanda í fjarskiptanetunum er í boði:

1.1 Tíðnibil og aðferð

Single Band GSM 900

Single Band GSM 1800

Dual Band GSM 900/1800

1.2 Símaþjónusta (Teleservices)

Speech telephony, MO/MT – Talsímaþjónusta, farsímaupprunnin/farsímalúkning

Speech, emergency calls (with or without SIM cards) – Talsími, neyðarsímtöl (með eða án SIM korta)

SMS-skilaboð, MT/PP

SMS-skilaboð, MO/PP

Automatic Facsimile Group 3, T, MO/MT

1.3 Þjónusta flutningsaðila

Tvístefnu ósamhverf rás (CDA), gegnsæ/ógegnsæ, MO/MT, 9.6 kbit/s

GPRS

EDGE þar sem það er fyrir hendi

1.4 Erlent reiki

Viðsemjandi á rétt á aðgangi að erlendum reikisamningum Símans fyrir tal, SMS og GPRS. Semja skal sérstaklega um verð fyrir reikisímtöl í farsímaneti Símans.

Viðauki 4. Framkvæmd samtengingar

1. Prófunaráætlanir v. tæknilausna

1.1 Áætlanir og undirbúningur samtenginga

Áður en til sýndarnetsaðgangs viðsemjanda getur komið þarf Síminn og viðsemjandi að leggja fram ítarlega og sundurliðaða áætlun um tæknilaga samtengingu og samhæfingu kerfa viðsemjanda við farsímanet Símans og óskir um prófanir sem því fylgja.. Það er jafnframt alfarið á ábyrgð viðsemjanda að setja fram óskir og semja um númeraflutning, tengingu t.d. við HÍN og Já ehf. upplýsingaveitur kjósi hann svo.

1.2 Almenn sjónarmið við framkvæmd prófunar

Prófanir á nýjum tæknilausnum eru framkvæmdar í samvinnu milli Símans og viðsemjanda. Síminn og viðsemjandi koma sér saman um tæknilýsingu fyrir viðkomandi prófun þar sem prófun á nýjum tæknilausnum er skilgreind.

Báðir aðilar verða að tryggja að reyndir starfsmenn séu fyrir hendi meðan á prófun stendur. Skipst verður á niðurstöðum prófana sem framkvæmdar hafa verið eins fljótt og unnt er. Prófun er verið, árangursrík, ef niðurstöður prófana eru í samræmi við tæknilýsingu. Prófanir sem framkvæmdar hafa verða

merktar sem verandi annað hvort árangursríkar/ekki árangursríkar og dagsetning prófunar. Prófun lýkur við þann atburð sem fyrr á sér stað:

- (i) Ef öll mikilvægustu prófunarverkefni hafa undirgengist prófun án þess að fram komi meiriháttar misbrestur, eða
- (ii) Viðsemjandi byrjar að nota í viðskiptalegu augamiði þá notkunarþætti sem gengist hafa undir prófun.

Sé þörf á frekari prófunum þá verður gerð prófunar og tímaáætlun um framkvæmd þeirra. Báðir aðilar reyna eftir fremsta megni að framkvæma prófunina í samræmi við prófunaráætlun og tímaáætlun. Síminn áskilur sér rétt til að innheimta fyrir vinnu tæknimanna sinna við prófanir, ef þær reynast umfangsmeiri og kalla á meiri vinnu en gera mátti ráð fyrir m.v. prófunar- og tímaáætlun. Síminn má grípa inn í prófun komi fram þörf á því að leysa úr meiri háttar vandamálum innan virkra fjarskiptakerfa Símans.

1.3 SIM kort, farsímar og annar prófunarbúnaður

Viðsemjandi ber ábyrgð á því að afhenda hið minnsta 5 SIM-kort fyrir kerfi viðsemjanda, þ.á.m. handtæki fyrir farsíma sem nota má við framkvæmd allra einstakra prófunarverkefna. Í því skyni að tryggja að samskiptahæfur prófunarbúnaður sé fyrir hendi gegnum allt prófunartímabilið verður viðsemjandi að útvega hentugan búnað (t.d. Tektronix K1205).

1.4 Uppsetning (vél- og hugbúnaður)

Endanleg uppsetning við prófun verður upplýst í samskiptum beggja aðila, en viðsemjandi verður að tryggja að vélbúnaður viðsemjanda sé til staðar vegna prófunar. Báðir aðilar verða að skiptast á nauðsynlegum uppsetningargögnum til að koma upp tengingu. Nánari upplýsingar um sérstaklega tilgreind atriði þurfa aðilar að koma sér saman um og er ekki hluti þessa Viðauka.

Viðauki 5. Áætlanir

1 Almenn

1.1 Áætlanir um sýndarnetsumferð

Viðsemjandi skal gera áætlun um sýndarnetsumferð og afhenda Símanum fyrir 1. október ár hvert. Áætlunin skal segja til um hámark fjölda tengdra notenda og heildar umferð í hverjum mánuði. Berist Símanum ekki slík áætlun er litið svo á að ekki sé um breytingar á sýndarnetsumferð viðsemjanda að ræða.

1.2 Viðurlög og frávik frá áætlunum

Áætlanir um sýndarnetsumferð skulu bornar saman við raunverulega sýndarnetsumferð á hverju 6 mánaða tímabili. Ef hámarksálag er 25% meira en áætlanir gera ráð fyrir getur Síminn ekki ábyrgst að mæta óskum viðsemjanda.

Ef sýndarnetsumferð fer 50% undir áætlun er Símanum heimilt að krefjast þess að viðsemjandi greiði beinan áfallinn kostnaðarauka við að tryggja áætlaða nýtingu á farsímanetinu.

Ef frávik frá áætlunum um aðra sýndarnetsþjónustu verður verulegt getur Síminn krafist þess að viðsemjandi greiði áfallinn kostnaðarauka.

Ef gerðar eru breytingar án þess að fyrirvari sé virtur, er Símanum ekki skylt að bregðast við þeim ef ætla má að hægt hefði verið að tilkynna breytingarnar með fyrirvara.

Sá áfallni kostnaður sem vísað er til hér að framan skal vera sannanlegur, eðlilegur og í samhengi við umfang áætlana viðsemjanda.

Viðauki 6: Verkferlar í starfsemi

1.1 Tilgangur

Þessi Viðauki lýsir verkferlum varðandi starfsemi og viðhald hjá Símanum og viðsemjanda í tengslum við þennan samning viðsemjanda um sýndarnetsaðgang.

1.2 Tilkynningar vegna almennra málefna í starfsemi

Þegar Síminn verður var við bilun í fjarskiptaneti eða í þjónustubætti mun Síminn senda bilanatilkynningu til viðsemjanda með tölvupósti. Niðurfelling bilanatilkynningar verður send viðsemjanda þegar búið er að leysa bilanavandamálið.

Þegar fram fer viðhald á fjarskiptakerfi sem kann að hafa áhrif á fjarskiptaþjónustu viðsemjanda, mun Síminn senda viðhaldstilkynningu með tölvupósti til viðsemjanda.

Þegar viðsemjandi verður var við atburði sem ekki fela í sér hreina bilun má hann hafa samband við tæknideild Símans. Beiðni um aðstoð tæknideildar má fara fram símleiðis eða með tölvupósti sé ekki öðruvísi um samið. Opnunartími tæknideildar allan sólarhringinn. Viðbrögð eða svör við beiðnum berast með tölvupósti sé ekki samið um annað.

Tungumál það sem notað er varðandi almennar daglegar bilanir er íslenska.

1.3 Bilun í eigin fjarskiptaneti

Verði viðsemjandi var við bilun í eigin fjarskiptaneti sem hefur áhrif á farsímanotendur viðsemjanda í farsímaneti Símans verður viðsemjandi eins fljótt og framkvæmanlegt er að tilkynna fyrirfram samþykktum tengilið innan Símans um bilunina, samkvæmt þeim verklagsreglum um tilkynningar sem aðilar hafa komið sér saman um. Viðsemjandi mun tilkynna sama tengilið hjá Símanum um lausn vandans.

Viðauki 7: Notkun SS7 – Tæknileg geta og öryggiskröfur

1 Kröfur varðandi tækni

Kerfi viðsemjanda (m.ö.o. búnaður auk tengds hugbúnaður) skal vera af viðurkenndri gerð með skjalfestan marktæka notkun SS7 í innlendum eða alþjóðlegum fjarskiptanetum.

Gæðatryggingarkerfi sem notuð eru við uppfærslu/uppsetningu nýs búnaðar og/eða hugbúnaðar verður að vera skjalfest. Aðilar verða að staðfesta að gæðatryggingarkerfi séu notuð í daglegum rekstri.

Setji aðilar upp einstaka hluti búnaðar/hugbúnaðar sem ekki eru með skjalfestan notkunartíma, verður að skjalfesta gæðatryggingarkerfi varðandi uppsetningu, uppfærslu, notkunarheimild og prófun. Aðilar verða að staðfesta að gæðatryggingarkerfi séu notuð í daglegum rekstri. Síminn þarf að samþykkja þann búnað sem viðsemjandi hyggst tengja við fjarskiptanet Símans.

Aðilar verða að geta framkvæmt og lokið við prófanir á SS7. Framkvæmd prófana verður einnig að eiga sér stað þegar verið er að uppfæra/setja upp nýjan búnað og/eða hugbúnað þegar um breytingar er að ræða sem gætu haft veruleg áhrif á fjarskiptakerfi hins aðilans og/eða þjónustu hans.

Aðilar samþykkja að tryggja réttar upplýsingar um merkjakerfi sem varðar viðskiptavini/áskrifendur og að afgreiða símtalið án tillits til uppruna þess, og að tryggja að engar breytingar verði á slíkum upplýsingum. Aðilar samþykkja að flytja skýrslur um notkun eða merkjakerfi til/frá þriðja aðila á þann hátt að komið sé í veg fyrir að slíkt geti skaðað fjarskiptanet aðilanna, þjónustu þeirra eða samskipti við viðskiptavini.

Gert er ráð fyrir því að aðilar muni koma á fót og viðhalda kerfum til vöktunar og til að rekja upplýsingar um merkjakerfi í því skyni að koma í veg fyrir ranga notkun og misnotkun.

Ef verða breytingar á stöðlum varðandi merkjakerfi, er aðilum skylt, á eigin kostnað, að uppfæra eigin kerfi.

2 Kröfur varðandi fagkunnáttu

2.1 Almenn

Samningsaðilar verða allan samningstímann að vera með einn aðila hið minnsta sem er með skjalfesta fagkunnáttu til að geta starfað við SS7 og starfar sem yfirverkstjóri á því sviði. Hugtakið „skjalfest fagkunnátta“ merkir í þessu samhengi lýsing á formlegri faghæfni og að auki eins árs skjalfest reynsla við störf tengd SS7 á síðastliðnum tveimur árum.

Aðilar verða að vera með miðstöð fyrir starfsemina þar sem veitt er viðstöðulaus þjónusta 24 klst. sólarhrings. Aðilar verða að vera með aðgang að fagkunnáttu á sviði SS7 24 klst. sólarhrings. Ef starfsemi SS7 byggist á notkun undirverktaka, verður að leggja fram skjalfestingu þess sem sýnir að undirverktaki sem á í hlut fullnægi þeim kröfum sem getið er um í skilmálum þessum.

Fullnægi aðilar kröfum um miðstöð fyrir starfsemina þar sem veitt er stöðug þjónusta 24 tíma sólarhrings og veittur er aðgangur að fagkunnáttu 24 klst. á sólarhring með því að nýta aðila utan Íslands (t.d. í tilvikum þegar um er að ræða fjarrekstur), verða aðilar að leggja fram gögn þar sem sýnt er fram á hvernig öðrum kröfum sem skilgreindar eru í þessum samningi er fullnægt, þ.á.m. öryggisferlar sem og raunlægar og röklegar ráðstafanir og öryggismál starfsmanna.

2.2 Aðgangur starfsmanna

Aðilar verða að vera með öryggiseftirlitsmann innan fyrirtækisins, sem tilkynnir stjórn fyrirtækisins um öryggismálefni.

Öryggiseftirlitsmaður eða þeir starfsmenn aðila sem eru með aðgang að rekstri SS7 mega ekki hafa hlotið dóm vegna brota á refsilöggjöf. Undantekningar frá þessu skilyrði má gera að ósk annars aðilans sé brot sem tilgreindur starfsmaður hefur framið ekki talið skipta máli í sambandi við mat á aðgangsheimild sem hinn aðilinn hefur látið gera.

Gera verður skrá um öryggiseftirlitsmann auk skráa um þá starfsmenn aðilanna sem eru með aðgang að rekstri SS7 og sem fullnægja nauðsynlegum kröfum. Skráin verður að vera stöðugt uppfærð og verður að geyma hana með ábyrgum hætti. Aðilar geta fengið staðfestingu hjá þeim yfirvöldum sem þess óskuðu, á því að öryggisskilyrðum um aðgangsheimild hefur verið fullnægt.

3. Öryggisskilyrði

3.1 Raunlægt öryggi

Húsnæði aðila þar sem þeir hlutar fjarskiptanets sem hægt er að skrá sig inn til notkunar á SS7 verður að vera verndað í samræmi við mikilvægi þessarar starfsemi og uppfylla alla viðurkennda staðla um aðgangstakmarkanir og öryggisstýringu.

3.2 Yfirlýsing um trúnað

Aðilar verða að vera með innra kerfi fyrir öflun yfirlýsinga um trúnað frá þeim úr hópi eigin starfsmanna sem eiga eftir að komast í samband við fjarskiptanet annarra rekstraraðila. Trúnaðarheitið verður að vera undirritað og ber að vista það á ásættanlegan hátt. Yfirlýsingunni er ætlað að koma í veg fyrir það að hvers konar trúnaðarupplýsingar komist í hendur aðila sem ekki hafa til þess heimild eða til að koma í veg fyrir misnotkun.

3.3 Gagnaöryggi

Allar upplýsingar frá Símanum og skjalfesting sem tengist SS7 og varðar sameiginlega notkun með Símanum, verður að vista á ásættanlegan hátt.

3.4 Öryggi á sviði upplýsingatækni

Aðilar verða að þróa hjá sér og koma sér upp stöðlum og verkferlum vegna öryggis á sviði upplýsingatækni, þ.á.m. verkferlum til að viðhalda notandaforréttindunum. Strangrar sannvottunar verður krafist fyrir notendur, og/eða dulritunar tengingar hafi notandi aðgang að SS7 frá öðrum stað en frá aðalstöðinni, t.d. þegar um er að ræða fjarrekstur. Þegar að skráning inn á kerfi fer fram í fjarlægð, þá væri valkostur sem nota mætti vegna strangrar sannvottunar RLN (Remote LAN Node)

Viðauki 8. Tengiliðir samningsaðila

Tengiliður Símans hf

Nafn og símanúmer: [xxxxxxxxxxxxxxxxxxxxxxxx]

Tengiliður [fjarskiptafyrirtækis]

Nafn og símanúmer: [xxxxxxxxxxxxxxxxxxxxxxxx]

Viðauki 9. Samhæfing upplýsingakerfa

